

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/58/03

frá 3. apríl 2003

um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 1104)

(2003/236/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/33/EB ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,

Í stað fyrstu undirgreinar 7. mgr. 2. gr. a ákvörðunar 92/486 /EBE komi eftirfarandi:

„Fyrir tímabilið frá 1. apríl 2003 til 31. mars 2004 skulu samræmingaryfirvöldin, sem kveðið er á um í 1. gr., sjá til þess að samningarnir, sem um getur í þeirri grein, séu framlengdir um eitt ár.“

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) Þar til ný tölvukerfishögun hefur verið sett upp, einkum sá hluti sem á að nota í Animo-netkerfið, eins og skilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/24/EB frá 30. desember 2002 um þróun á samþætту dýraheilbrigðistölvukerfi ⁽³⁾, skal tryggja samfelldni netkerfisins.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 2003.

3. gr.

2) Til samræmis við það ber að breyta ákvörðun 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2002/615/EB ⁽⁵⁾.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2003.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 4.4.2003, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 44.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 196, 25.7.2002, bls. 60.